

Mál nr. 6

Fjölur gegn Val

Kæra Fjölur

Dómkröfur

Dómkröfur er þær að ef sannast að verið sé að vinna ódregilega og/eða óheiðarlega í þessum málum séu viðkomandi látnir sæta refsingu við hæfi.

Málavextir

Kært er sökum þess að Valur 5.flokkur karla B-lið notaði ólöglegan leikmann í úrslitakeppni.

Leikmenn í 5.flokki Vals léku með A-liði í Íslandsmóti án þess að vera skráðir á skýrslu og þannig gerðir löglegir í B-liðs úrslitakeppni. Skv fjölda vitna, m.a. þjálfara Leiknis í 5.flokki.

Tilvísun

Grein 28.1.12 í reglugerð um knattspyrnumót. 5.flokkur úrslitakeppni,

Röksemdir

Ekki er verið að fara fram á að breyta úrslitum leikja eða spila leiki aftur. Skaðinn er skeður. Hins vegar er mikilvægt að skoða vel þær starfsreglur sem í gangi eru varðandi þessi mál og hvort hægt sé að gera betur svo mál eins og þessi komi síður upp. Spilum heiðarlega

Sönnunargögn:

Beðið er eftir skýrslum úr úrslitakeppni svo ekki er hægt að leggja þau fram að svo stöddu. Önnur sönnunargögn eru vitni.

Vitni:

Nafn: Þórður Einarsson þjálfari í Leikni

Kennitala: 240281-3179

Heimilisfang:

Nafn: Davíð Snorri Jónasson þjálfari Leikni

Kennitala: 260287-2149

Undirskrift:

Ásmundur Arnarsson

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2011, þriðjudaginn 20. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Presti Ríkharðssyni, Gunnari Guðmundssyni og Sigurður Ingi Halldórsson.

Fyrir er tekið málið nr. 6/2011:
Ungmennafélagið Fjölnir, kt. 631288-7589
gegn
Knattspyrnufélaginu Val, kt. 670269-2569

Gögn málsins merkt nr. 1-2 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:
Ungmennafélagið Fjölnir,
kt. 631288-7589
Fossaleyni 1, Reykjavík
Fyrirsvarsmaður: Ásmundur Arnarsson

Kærði:
Knattspyrnufélaginu Val
kt. 670269-2569
Hlíðarenda, Reykjavík
Fyrirsvarsmaður: Friðjón R. Friðjónsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 9. september sl.

Kröfur:

Kröfur kæranda eru þær að ef sannast verður að kærandi hafi unnið ódregilega og/eða óheiðarlega verði viðkomandi látnir sæta refsingu við hæfi. Ekki er þó gerð krafa um að leikur/leikir verði dæmdir tapaðir né verði spilaðir aftur.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að Valur í 5. flokki karla B-liði hafi notað ólöglegan leikmann í úrslitakeppni. Nánar tiltekið hafi leikmenn í 5. flokki Vals leikið með A-liði í

úrslitakeppni án þess að vera skráðir á leikskýrslu og með því gerðir löglegir í úrslitakeppni B-liða í sama flokki.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til gr. 28.1.12 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er fjallar um 5. flokk karla.

III.

Niðurstaða:

Í máli þessu hefur Ungmennafélagið Fjölirnir kært Knattspyrnufélagið Val fyrir að nota ólöglegan leikmann í úrslitakeppni B-liða í 5. flokki karla. Felst í því að kærandi telur Knattspyrnufélagið Val hafa verið með ólöglega skipað lið í tilteknum leik, sbr. gr. 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Í kæru sinni hefur kærandi þó látið farast fyrir að tilgreina nafn þess leikmanns hjá Val sem hann telur hafa verið ólöglegan og í hvaða leik umrætt brot á að hafa átt sér stað. Þá verður einnig að telja verulega annmarka vera á skýrleika í dómkröfum kæranda og málatilbúnaði hans að öðru leyti, þ.m.t. röksemdum fyrir kröfum kæranda.

Þegar allt ofangreint er virt verður ekki hjá því komist að telja að slíkir formgallar séu á málatilbúnaði kæranda að vísa beri kærinni frá án efnislegrar meðferðar.

IV.

Úrskurðarorð:

Kæru Ungmennafélagsins Fjölirnir gegn Knattspyrnufélaginu Val vegna leikja í úrslitakeppni B-liða í 5. flokki karla er vísað frá.

V.

Um fresti vegna frávísunar:

Samkvæmt grein 8.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál hefur kærandi þriggja daga frest til að leggja fram nýja og bættu kæru til aga- og úrskurðarnefndar ef kærumáli er frávísað vegna formgalla. Frestur byrjar að líða þegar frávísun berst kæranda og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Pröstur Ríkharðsson

Gunnar Guðmundsson

Sigurður Ingi Halldórsson